

Þriðjudaginn 20. desember 1983.

Nr. 143/1981. **Bílafell h/f**

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

Jóni Haraldssyni

(Benedikt Blöndal hrl.).

Þóknun fyrir arkitektastörf. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1981. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á dæmdri fjárhæð og málskostnaði svo og að málskostnaður í Hæstarétti falli niður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð gögn um það, sem skráð hefur verið á hlutafélagaskrá um áfrýjanda, Bílafell h/f. Þá hefur enn fremur verið lögð fram gjaldskrá Arkitektafélags Íslands frá 13. desember 1974.

Í héraðsdómi eru rakin atvik að því, að stefndi hófst handa í janúar 1978 um vinnu sína við teikningar að byggingu, er áfrýjandi hugðist reisa. Enn fremur eru þar rakin gögn um samband og samskipti forráðamanna og hluthafa í Bílafelli h/f við stefnda svo og gögn um það, að stefndi lagði í fyrirspurnarformi teikningar fyrir byggingar- og skipulagsyfirvöld Reykjavíkur sumarið 1978 og fékk svar við því erindi. Héraðsdómari reifar og gögn, er við nýtur um stjórnarfundi og hluthafafundi í Bílafelli h/f, og gerir grein fyrir því, hvenær stefndi sendi áfrýjanda reikning um þóknun fyrir verk-ið.

Í fundargerð frá stjórnarfundi í Bílafelli h/f hinn 2. október 1978 segir, að gagnrýnd hafi verið „ákvörðun hluthafafundar um þá ákvörðun að taka framkomnum teikningum, þar sem ekki hefðu

allir hluthafa verið viðstaddir.“ Fundargerð þess hluthafafundar, sem hér er vísað til, hefur ekki fundist að því er áfrýjandi telur. Í endurritum af fundargerðum hluthafafunda í félaginu 12. október og 28. október 1978 eru teikningarnar enn ræddar og gagnrýndar, og á síðari fundinum er samþykkt ályktun þess efnis, að stjórn félagsins sé óheimilt „að gera bindandi samninga við verkfræðinga eða aðra um teikningar, er samþykkja þarf í bygginganefnd borgarinnar.“ Á þessum fundi var ákveðið „að slá striki yfir allt, sem búið er að aðhafast í teiknimálum, og byrja frá grunni.“

Eigi eru bornar brigður á það af hálfu áfrýjanda, að rétt sé hermt í framangreindri fundargerð, ritaðri 2. október 1978, um ákvörðun hluthafafundar „að taka framkomnum teikningum...“ Áfrýjandi hefur að öðru leyti eigi lagt fram gögn, er veiti fræðslu um fund þennan. Þegar þetta er virt og það, sem segir í fundargerðum 12. og 28. október 1978, og svo það, sem leitt er í ljós um samskipti forráðamanna og hluthafa Bílafells h/f við stefnda, verður að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að þeir hafi bakað félaginu greiðsluskyldu að því er varðar starf stefnda að teikningum þeim, er mál þetta snýst um.

Krafa stefnda er reist á gjaldskrá Arkitektafélags Íslands. Er því haldið fram raunar til vara af hálfu áfrýjanda, að stefndi hafi lagt of mikla vinnu í teikningar þessar og beri því að lækka fjárhæð þá, sem dæmd er í héraðsdómi.

Af hálfu áfrýjanda hafa þó eigi verið lögð fram nein gögn, sem marki grundvöll að endurmati á þessari þóknun af hendi dómstóla. Verður því, eins og málið horfir við, að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um fjárhæð. Um vexti fer svo sem greinir í dómsorði.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 28.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Bílafell h/f, greiði stefnda, Jóni Haraldssyni, 62.389.00 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. október 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá

þeim degi til 26. s. m., 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 31% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 28.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að verksamningur hafi ekki komist á með áfrýjanda og stefnda um hönnun húss fyrir áfrýjanda. Viðræður þær, sem fóru fram milli stefnda og þáverandi formanns áfrýjanda í ölteiti sunnudaginn 15. janúar 1978, voru vitaskuld enginn grundvöllur til þess, að stefndi hæfist þegar í stað handa um hönnun húss fyrir áfrýjanda, þó svo að hann teldi sig ráðinn til starfans, sbr. svar hans í aðiljayfirheyrslu: „Magnús var jú formaður félagsins og réði mig að ákveðnu verki.“ Samkvæmt framburði Bjarna Hólm Frímannssonar, framkvæmdastjóra Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f, hófst stefndi handa næsta virkan dag eftir ölteiti það, sem að ofan greinir.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að stefndi hafi, eftir að hann hófst handa um verkið, gert neins konar verksamning við þá, sem með lögmaetum hætti gátu skuldbundið hlutafélagið. Spurningalisti sá, sem sendur var hluthöfum, sem einnig voru væntanlegir notendur húsnæðis, var fylgiskjal bréfs, sem ritað var á bréfsefni Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f, sem áfrýjandi hafði þá stuttu áður samið við um frumhönnun. Svör einstakra hluthafa hvers í sínu lagi við fyrirspurnum þessum skuldbinda hlutafélagið ekki fjárhagslega.

Hinn 14. janúar 1978 var samþykkt á stjórnarfundum áfrýjanda,

að samið skyldi við Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f um gerð frumskissa og kostnaðaráætlunar að ýmsum verkþáttum, og skyldu þessar áætlanir gerðar áfrýjanda að kostnaðarlausu. Á stjórnarfundinum sama hinn 2. október 1978 kom fram gagnrýni á ákvörðun hluthafafundar um að „taka framkomnum teikningum,“ þar sem ekki hefðu allir hluthafar verið viðstaddir. Fundargerð hluthafafundar þess, sem vísað er til í fundargerð þessari, hefur ekki verið lögð fram, og engar upplýsingar eru í málinu um þann fund eða hvort hann hefur yfirleitt verið haldinn. Á hluthafafundi 28. október 1978 er samþykkt, að stjórn áfrýjanda skuli óheimilt að gera bindandi samninga við verkfræðinga eða aðra um teikningar, er samþykkja þarf í byggingarnefnd borgarinnar.

Ég tel það, sem fram hefur komið í málinu um afskipti hluthafa af hönnunarvinnu stefnda í framhaldi af orðræðum hans við þáverandi stjórnarformann áfrýjanda hinn 15. janúar 1978, ekki sanna neitt um verksamning milli málsaðilja, heldur aðeins gefa vísbendingu um afstöðu hluthafa til þess, hvort teikningar þær, sem fyrir þá voru lagðar, fullnægðu þörfum þeirra, en af gögnum málsins má ráða, að hluthafar töldu stefnda vinna á vegum verkfræðistofu þeirrar, sem samið hafði verið við. Ég tel ekkert í ljós leitt að þessu leyti um samskipti stjórnar áfrýjanda og stefnda, en hún ein gat skuldbundið hlutafélagið auk lögmæts hluthafafundar.

Samkvæmt framansögðu tel ég stefnda ekki eiga rétt á launagreiðslum úr hendi áfrýjanda, sem byggðar verði á samningi milli þeirra eða samningsígildi.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefndi lagði fram allmikið starf við undirbúning að hönnun húss þess að Réttarhálsi 2 í Reykjavík, sem fjallað er um í málinu. Hús hefur ekki verið reist samkvæmt teikningum þeim, sem stefndi gerði, en hins vegar sést af gögnum málsins, að teikningar, sem stefndi gerði, voru sendar með fyrirspurn til byggingarnefndar Reykjavíkur og einnig notaðar sem grundvöllur að gerð frumáætlunar um kostnað byggingarframkvæmda. Ég tel, að nokkur hluti af vinnu stefnda hafi nýst áfrýjanda að þessu leyti. Tel ég stefnda því eiga að fá umbun fyrir þann hluta vinnu sinnar, sem þannig nýttist áfrýjanda. Fjárhæð greiðslu fyrir þennan þátt verksins verður að ákveða að álitum, og þykir mér hún með hliðsjón af verðlagi á þeim tíma, umfangi og hags-

munum hæfilega ákveðin 20.000.00 krónur. Ég tel, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefnda þá fjárhæð með vöxtum af henni, eins og segir í dómsorði meiri hluta dómenda.

Þá tel ég, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 16.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. maí 1981.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Jón Haraldsson arkitekt, Mýrgötu 2, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum gegn Bílafelli h/f, Reykjavík, til greiðslu þóknunar fyrir arkitektastörf auk vaxta og málskostnar.

Þann 15. janúar 1978 hittust þeir að máli stefnandi og Magnús Eymundsson, þáverandi stjórnarformaður stefnda. Magnús skýrði stefnanda þá frá því, að stefndi hefði þá daginn áður gert samkomulag við Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f vegna fyrirhugaðrar stórbyggingar stefnda um, að verkfræðistofan gerði frumskissur og kostnaðaráætlun að ýmsum verkþáttum, stefnda að kostnaðarlausu, ef ekki yrði af frekara samstarfi varðandi bygginguna. Þeir stefnandi og Magnús fóru saman á skrifstofu stefnda, og skoðaði stefnandi þar gögn viðvíkjandi fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum stefnda. Næsta dag tilkynnti stefnandi fyrirsvarsmanni Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f, að hann hefði tekið að sér arkitektastörf við bygginguna. Stefnandi hóf síðan störf í samvinnu við verkfræðistofuna og í samráði við Magnús Eymundsson. Hann byrjaði á að afla sér nauðsynlegra upplýsinga og gagna frá opinberum aðiljum. M. a. útbjó hann spurningaskemu, sem voru send hluthöfum í Bílafelli h/f af stefnanda og Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f sameiginlega þann 6. febrúar 1978. Hluthafarnir útfylltu þessa spurningalista samviskusamlega og skiluðu þeim inn aftur. Fram kom, að stefndi vildi fullnýta byggingarrétt sinn á lóðinni að Réttarhálsi 2, þar sem nefndar byggingar skyldu rísa, og stefnandi gerði tillöguteikningar að skipulagi lóðar og nýtingu hennar svo og teikningar af byggingum. Þann 19. júní 1978 komu hluthafar stefnda á teiknistofu stefnanda og kynntu sér þar teikningar og gögn. Á fundi þessum komu fram athugasemdir og gagnrýni, sem leiddu til breytinga á tillögum stefnanda. Í júnímánuði 1978 gerði stefnandi byggingarnefndarteikningar, og þann 15. júní 1978 gerði Verkfræðistofa Stefáns Ólafssonar frumáætlun um byggingarkostnað, byggða á frumuppdráttum stefnanda. Þann 27. júlí voru teikningarnar lagðar fyrir byggingarnefnd Reykjavíkur með fyrirspurn um, hvort skipulags- og byggingaryfirvöld hefðu eitthvað við þær að athuga, en skv. bréfi byggingarfulltrúa, dags. 29. ágúst, taldi hvorug nefndin, skipulagsnefnd eða bygginganefnd, sig hafa nokkuð við erindið

að athuga. Að þessu búnu hófst stefnandi handa um að teikna hluta af verkefninu upp í stærri mælikvarða.

Þann 2. október var haldinn stjórnarfundur í Bílafelli h/f. Í fundargerð segir svo: „Ritari gagnrýndi ákvörðun hluthafafundar um þá ákvörðun að taka framkomnum teikningum, þar sem ekki hefðu allir hluthafar verið viðstaddir.“ Fundargerðin er undirrituð af fundarritara, Helga Veturliðasyni. Þann 3. október 1978 gerði verkfræðistofan í samráði við stefnanda áætlun um kostnað við hönnun fyrsta áfanga byggingar II til útboðs, miðað við verðlag í september 1978, fyrir stefnda. Skv. áætluninni er kostnaður við arkitektþjónustu talinn kr. 7.867.893 (gkr.). Þann 24. janúar 1980 sendi stefnandi stefnda reikning að fjárhæð 11.442.762 kr. (gkr.), dags. 18. janúar 1980. Af þessu tilefni urðu nokkur erindaskipti milli aðilja, og kom skýrt fram af hálfu stefnda, að félagið taldi sig ekki greiðsluskýlt við stefnanda.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum aðallega kr. 125.065.37 með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 frá 26. júní 1980 til greiðsludags, en til vara kr. 114.427.62 með 31% ársvöxtum frá 1. febrúar 1980 til 31. maí 1980, með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 25. júní 1980, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og til þrautavara kr. 62.388.93 með 19% ársvöxtum frá 1. október 1979 til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 25. júní 1980 og loks dómvöxtum frá 26. júní 1980 til greiðsludags. Jafnframt er í öllum tilvikum krafist málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Þrautavarakrafan er miðuð við verðlag í september 1978, en varakrafa og aðalkrafa eru framreiknaðar miðað við byggingarvísitölu, varakrafan við byggingarvísitölu 398 stig, sem gildi í mars 1980, en aðalkrafa virðist vera miðuð við málshöfðunartíma.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Meginmálsástæða stefnanda er sú, að í upphafi hafi komist á samningur milli aðiljanna um verk það, sem stefnandi vann, eða að eftirfarandi framkvæmd hafi a. m. k. leitt til samningssambands. Skv. samkomulagi aðilja hafi stefnda borið að greiða stefnanda skv. gjaldskrá Arkitektafélags Íslands fyrir þjónustu hans. Því er haldið fram, að framreikningur dómkrafna byggist á gjaldskrá Arkitektafélagsins, sem ekki hefur verið lögð fram í málinu.

Af stefnda hálfu er því í fyrsta lagi haldið fram, að aldrei hafi verið samið um þjónustu stefnanda, samningssamband hafi aldrei komist á milli aðiljanna; hafi Magnús Eymundsson gert einhverja samninga f. h. stefnda, þá hafi hann verið umboðslaus; stefnandi hafi skv. þessu engan rétt átt

til greiðslu úr hendi stefnda. Við munnlegan málflutning var útreikningi aðalkröfu og varakröfu sérstaklega mótmælt og því haldið fram, að þær væru ekki í samræmi við réttan skilning á gjaldskrá Arkitektafélagsins. Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að mótmæli þessi væru of seint fram komin.

Stefnandi hefur gefið aðiljaskýrslu fyrir dóminum svo og Magnús Eymundsson, sem var stjórnarformaður stefnda á verktímanum. Af öðrum hluthöfum hafa þeir gefið skýrslur Bragi Stefánsson bifvélavirki, Helgi Stefán Veturliðason málarameistari og Rafn Wich Bjarnason málarameistari. Loks hafa þeir borið vitni fyrir dóminum Þorgrímur Eiríksson verkfræðingur og Bjarni Hólm Frimannsson tæknifræðingur, framkvæmdastjóri Verkfræðistofu Stefáns Ólafssonar h/f. Af þessum skýrslum virðist mega ráða eftirfarandi:

Stefnandi og Magnús Eymundsson hittust í upphafi af tilviljun í veitingasalnum á Hótel Borg um kl. 1400 sunnudaginn 15. janúar 1978, en þeir voru áður kunnugir. Þeir fóru síðan á skrifstofu stefnda, og var haft áfengi um hönd á báðum stöðunum. Stefnandi heldur því fram, að samkomulag hafi orðið um, að hann tæki að sér verkið á þessum fundi, en Magnús synjar fyrir, að svo hafi verið, og telur sig ekki hafa haft umboð til að binda félagi sína. Ljóst er, að Magnús hefur sagt stefnanda frá samningnum við verkfræðistofuna. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi gert Magnúsi ljóst, að hann ynni ekki á sömu kjörum.

Bjarni Frimannsson segir, að verkfræðistofan hafi tekið að sér að kanna nýtingarmöguleika lóðar og gera frumdrög að kostnaðaráætlun ásamt nægilegum uppdráttagerðum vegna þeirrar áætlunar. Þegar þessu verki væri lokið, hafi verið ætlunin, að séð yrði til, hvort af samningum yrði, og ef ekki, að þá mundi þessi þjónusta verða veitt endurgjaldslaut. Bjarni telur, að þáttur í þessu tilboði hafi verið á sviði arkitektúrs, þ. e. nánar tiltekið að marka frumdrætti bygginga, stilla upp valkostum og kanna nýtingu lóðar. Þorgrímur segir, að þeir hafi tekið að sér að gera forathuganir miðað við, að þeir mundu vinna verkið, ef úr yrði. Hann telur, að engin arkitektapjónusta hafi verið innifalin í tilboðinu, en segir, að lýsing á samkomulagi aðiljanna í fundargerð stefnda frá 14. janúar 1978 sé nokkurn veginn rétt, það er að þeir gerðu frumskissur að húsi og kostnaðaráætlun að ýmsum verkþáttum, Bílafelli að kostnaðarlausu. Hann áréttar, að þar sem hann talaði um, að þetta væri nokkurn veginn rétt, ætti hann við, að ónákvæmt væri að tala um, að þeir hafi tekið að sér að gera frumskissur af húsi, þar sem slíkt geri arkitektar venjulega, en sjaldgæft sé, að verkfræðingar vinni slík störf. Hann segir, að þeir hafi fyrst og fremst tekið að sér að gera kostnaðaráætlun, en að til þeirrar áætlunargerðar hafi frum-

skissur verið nauðsynlegar. Hann segir, að í reynd hafi þeir hjálpað stefnanda við að gera frumskissurnar.

Fram kemur, að hluthafarnir telja sig hafa staðið í þeirri meiningu, að stefnandi ynni á vegum verkfræðiskrifstofunnar. Þorgrímur segist hafa litið svo á, að stefnandi ynni á vegum stefnda, en Bjarni segir, að stefnandi hafi skýrt sér frá því í upphafi, að hann hefði hitt Magnús, sem hefði lýst áhuga á, að hann mundi geta leyst störf arkitekta við byggingarframkvæmdir stefnda. Bjarni segist hafa skýrt fyrir stefnanda, hvernig verkfræðistofan liti á málið og hvaða samninga þeir hefðu gert. Hann segist telja, að hann hafi líka sagt honum, að Bílafellsmenn teldu sig óbundna af þeim störfum, sem hann væri að vinna. Hann segir, að stefnandi hafi tjáð sér, að hann tæki ekki að sér verk á þennan hátt. Aðspurður kvað hann þetta eflaust hafa komið fljótt upp, og hann segist telja sig hafa útskýrt það fyrir Bílafellsmönnum, að stefnandi hefði þessi sjónarmið. Nánar aðspurður kvaðst hann telja sig hafa kynnt Magnúsi Eymundssyni þessi sjónarmið, en orðið áskynja um, að Bílafellsmenn töldu sig ekki hafa ráðið stefnanda sem stjálfstæðan arkitekt, heldur að þeir litu svo á, að hann ynni í samstarfi við verkfræðistofuna á sömu kjörum. Bjarni segir, að stefnandi hafi skýrt Magnúsi frá þessari afstöðu sinni í síma að sér áheyrandi. Hann segir, að á meðan á verkinu stóð, hafi fyrst og fremst verið rætt um það, hvernig stefnandi væri ráðinn, en ekki sérstaklega um greiðslur. Hann telur, að stefnandi hafi ekki farið að gera kröfur um uppgjör fyrr en upp úr því, að gerð var áætlun um þóknunarkostnað.

Ekki kemur fram, að hið stefnda hlutafélag hafi sérstaka viðvarandi atvinnustarfsemi með höndum, heldur virðist helst mega ráða af gögnum, að að því standi nokkrir sjálfstæðir atvinnurekendur á sviði bifreiðapjónustuiðnaðar, sem hafi hugsað sér að nota fyrirhugaðar byggingar til að hýsa marvíslega starsemi, sem þeir hafa með höndum, og væntanlega að koma á einhvers konar samvinnu og verkaskiptingu. Hluthafarnir, sem hafa komið fyrir dóminn, aðrir en Magnús, virðist telja sig nánast engin samskipti hafa haft við stefnanda önnur en að útfylla spurningalista, sem þeir töldu stafa frá verkfræðistofunni, og að mæta á teiknistofu stefnanda einu sinni til að skoða verk hans, en Magnús kannast við að hafa oft átt viðræður við stefnanda, meðan á verkinu stóð. Stefnandi heldur því fram, að Magnús hafi sagt sér á einu stigi, að náðst hefði samkomulag hluthafa um að taka teikningum hans. Magnús var spurður, hvort hann hefði tilkynnt stefnanda, að upphaflega samþykktar teikningar uppfylltu þarfir stefnda. Hann sagðist ekki muna það. Aðspurður sagði hann, að vel mætti vera, að hann hefði hringt og sagt, að teikningarnar væru í lagi, en nánar aðspurður sagðist hann ekki minnst þess, að hann hefði sagt, að þær væru

samþykktar. Stefnandi heldur því fram, að teikningar hafi verið sendar byggingarnefnd í samráði við Magnús, og hann fær stuðning í skýrslu Bjarna Frímannssonar fyrir þeirri staðhæfingu. Magnús Eymundsson var spurður, hvort hann hefði óskað eftir, að teikningar yrðu lagðar fyrir byggingarnefnd. Hann sagðist ekki muna það. Aðspurður sagði hann, að stefnandi hefði alltaf verið að senda teikningar og að stefndi hafi greitt fyrir þær jafnóðum, þ. e. ljósritunarkostnað og þess háttar. Þá sagði hann stefnanda alltaf hafa verið að tala um, að hann vantaði peninga. Hann kveðst jafnan hafa svarað því til, að ekkert væri hægt að gera, fyrr en búðið væri að samþykkja, að hann ynni verkið.

Þá virðist það vera skoðun hluthafanna, að fundur sá, þar sem samþykkt var að taka teikningum stefnanda, hafi ekki uppfyllt skilyrði samþykktu félagsins um hluthafafundi.

Stefnandi hefur lagt fram útdrátt úr dagbrók teiknistofu sinnar, þar sem segir m. a., að Rafn Bjarnar hafi spurt um stefnanda 6. apríl og aftur 7. apríl og tilkynnt komu sína. Þá segir, að hann hafi komið 13. apríl á skrifstofuna og spurt um stefnanda. Hér fyrir dómi sagðist Rafn ekki hafa hringt og ekki komið á skrifstofu stefnanda, aðeins útfyllt spurningalista, sem hafi verið sendur verkfræðistofunni. Þegar honum var tilkynntur dagbókarúrdrátturinn, kannaðist hann við að hafa farið og spurt eftir stefnanda, sem ekki hafi verið við, en neitaði að hafa nokkurn tíma hringt.

Þegar virtar eru framangreindar staðhæfingar og gögn, þykir verða að leggja til grundvallar, að samningaumræður um, að stefnandi tæki að sér arkitektastörf fyrir stefnda, hafi hafist sunnudaginn 15. janúar 1978 og að þær umræður hafi leitt til þess, að stefnandi vann þau störf fyrir stefnda, sem lýst hefur verið, í samráði við forráðamenn stefnda. Telja verður, að stefnda hafi ekki tekist að sanna, að stefnandi hafi tekið að sér að vinna verk þetta án greiðslu, og þykir því verða að fallast á, að hann eigi rétt á þóknun úr hendi stefnda. Stefnandi þykir ekki hafa sýnt fram á, að hann eigi rétt á verðtryggingu kröfu sinnar, og verður því niðurstaða dómsins byggð á þrautavarakröfu hans. Skv. þessu þykir stefndi eiga að greiða stefnanda kr. 62.389.00 með 19% ársvöxtum frá 1. október 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppkvaðningar, en hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst 11.000.00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Bílafell h/f, greiði stefnanda, Jóni Haraldssyni, kr. 62.389.00 með 19% ársvöxtum frá 1. október 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til dómssuppkvaðningardags, en hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 11.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. desember 1983.

Nr. 189/1981. **Fríðrik Þórðarson**

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Jón Sigursteinssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Dómarar í máli þessu eru hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, er rétt samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að veita aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna:

1. Álitsgerðar dómkvaddra manna um það, hvort meðferð stefnda á bifreiðinni A 6586, slík sem vitnið Reynir Örn Leósson lýsir í vætti sínu, gæti hafa orsakað skemmdir á vél bifreiðarinnar, og ef svo er, þá hverjar.

2. Annarra þeirra gagna, er framangreind gagnaöflun gefur til efni til.

Á l y k t a r o r ð:

Aðiljum er veittur kostur á að afla framangreindra gagna.